ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/984 **2021/EES/49/10**

frá 5. júní 2019

um breytingu á tilskipun ráðsins 96/53/EB að því er varðar frest til að framkvæma sérstakar reglur um hámarkslengd stýrishúsa sem fela í sér bætta loftnúningsviðnámsgetu, meiri orkunýtni og meira öryggi. (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 91. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 96/53/EB ([3]) var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/719 ([4]) með það að markmiði að draga úr orkunotkun og losun gróðurhúsalofttegunda, til að aðlaga löggjöf að tækniþróun og breyttum markaðsþörfum og til að greiða fyrir samþættum flutningum.

2) Bætt loftnúningsviðnám stýrishúsa vélknúinna ökutækja myndi hafa í för með sér töluverðan ávinning að því er varðar orkunýtingu ökutækja. Hins vegar var ekki mögulegt að gera slíkar úrbætur samkvæmt takmörkunum á hámarkslengd, sem settar voru með tilskipun 96/53/EB, án þess að minnka hleðslugetu ökutækisins. Því voru undanþágur frá takmörkunum á hámarkslengdinni innleiddar með tilskipun (ESB) 2015/719.

3) Undanþágurnar frá takmörkunum á hámarkslengd, sem voru innleiddar með tilskipun (ESB) 2015/719, eiga að gilda frá þeim degi sem er þremur árum eftir lögleiðingu eða gildistöku nauðsynlegra breytinga að því er varðar tæknilegar kröfur um gerðarviðurkenningu.

4) Nauðsynlegt er að tryggja, án ónauðsynlegra tafa, að unnt sé að taka í notkun stýrishús sem draga úr loftnúningsviðnámi til að ávinningur af slíkum stýrishúsum, með tilliti til orkunýtingar þungaflutningabifreiða en einnig með tilliti til betra útsýnis fyrir ökumenn, öryggi fyrir aðra vegfarendur auk öryggis og þæginda fyrir ökumenn, verði að veruleika eins fljótt og unnt er.

5) Flutningageirinn og framleiðendur búnaðar þurfa nægan tíma til að þróa nýjar tegundir af þjónustu og nýjar vörur. Til þess að njóta ávinnings af sveigjanlegri reglum um hönnun stýrishúsa er nauðsynlegt að framkvæmdastjórnin grípi til aðgerða til að tryggja að unnt sé að samþykkja nauðsynleg tæknileg ákvæði eins fljótt og unnt er til að ný kynslóð stýrishúsa komist á markað á snurðulausan og skjótan hátt. Enn fremur ættu framkvæmdastjórnin og aðildarríki, sem

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 164, 20.6.2019, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 218/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 62, 15.2.2019, bls. 286.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 26. mars 2019 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 22. maí 2019.

([3]) Tilskipun ráðsins 96/53/EB frá 25. júlí 1996 um að ákveða leyfileg hámarksmál vegna umferðar innan aðildarríkja og milli landa og leyfilega hámarksþyngd vegna umferðar milli landa fyrir tiltekin ökutæki sem eru í notkun í Bandalaginu (Stjtíð. EB L 235, 17.9.1996, bls. 59).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/719 frá 29. apríl 2015 um breytingu á tilskipun ráðsins 96/53/EB um að ákveða leyfileg hámarksmál vegna umferðar innan aðildarríkja og milli landa og leyfilega hámarksþyngd vegna umferðar milli landa fyrir tiltekin ökutæki sem eru í notkun í Bandalaginu (Stjtíð ESB L 115, 6.5.2015, bls. 1).

gegna tilteknu hlutverki í tækninefndinni um vélknúin ökutæki sem komið var á fót með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB ([5]), að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að áliti sé skilað með skjótum hætti. Ef fyrirhugaðar ráðstafanir framkvæmdastjórnarinnar eru ekki í samræmi við álit þeirrar nefndar eða ef engu áliti er skilað grípur framkvæmdastjórnin til aðgerða án tafar í samræmi við 4. mgr. 5. gr. a í ákvörðun ráðsins 1999/468/EB ([6]).

6) Því ætti að breyta tilskipun 96/53/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum 9. gr. a í tilskipun 96/53/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað annarrar undirgreinar á eftir d-lið 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„Í þeim tilgangi skal framkvæmdastjórnin gera nauðsynlegar ráðstafanir, innan ramma tilskipunar 2007/46/EB, til að kveða á um gerðarviðurkenningu ökutækja eða samtengdra ökutækja, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, eigi síðar en 1. nóvember 2019.“

2) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Ákvæði 1. mgr. koma til framkvæmda frá og með 1. september 2020.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 5. júní 2019.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
A. TAJANI	G. CIAMBA
forseti.	*forseti.*

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) (Stjtíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1).

([6]) Ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið (Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23).